



VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA

2022



LANDSPÍTALI

UMHYGGJA FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMÞRÓUN

Efnisyfirlit

Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar hefur aldrei verið augljósara	3
Úthlutun rannsóknastyrkja 2022	4
Úthlutun styrkja úr Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 2022	4
Vísindaráð Landspítala-helstu verkefni á árinu 2022	4
Heiðursvísindamaður Landspítala 2022	5
Ungur vísindamaður ársins 2022	5
Verðlaunaágrip á vordögum	5
Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna.....	6
Klínískt rannsóknasetur Landspítala og.....	7
Háskóla Íslands (KRS)	7
Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands	7
Heilbrigðistæknisetur	8
Rannsóknastofur á Landspítala	9
Rannsóknastofnun í hjarta- og æðasjúkdómum við Landspítala og Háskóla Íslands (RHÆ)	9
Rannsóknastofa í fæðinga-, kvenna, og barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands (RKB).....	9
Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN)	9
Vísinda- og nýsköpunarsetur aðgerðasviðs.....	9
Rannsóknastofa Landspítala og Háskóla Íslands í bráðafræðum ...	9
Rannsóknastofa í gigt sjúkdómum	9
Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ).....	10
Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2022.....	11
Augnlæknisfræði.....	11
Barnalæknisfræði.....	12
Bráðalæknisfræði.....	15
Endurhæfingarlæknisfræði/ Sjúkraþjálfun	16
Endurhæfingarlækningar	16
Sjúkraþjálfun	16
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar	17
Geðlæknisfræði	18
Almenn geðlæknisfræði	18
Sálarfræði	19
Krabbameinlæknisfræði	21
Lífefna- og sameindalíffræði.....	23
Lyflæknisfræði	25
Blóðlæknisfræði.....	25
Gigtarlæknisfræði.....	26
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði	30
Innkirtlalæknisfræði	31

Lungnalæknisfræði	31
Meltingarlæknisfræði.....	33
Nýrnalæknisfræði.....	34
Smitsjúkdómalæknisfræði	36
Meinafræði	37
Myndgreining.....	39
Ónæmisfræði	40
Skurðlæknisfræði	42
Bæklunarskurðlæknisfræði.....	42
Háls- nef og eyrnaskurðlæknisfræði	43
Heila- og taugasukurðlæknisfræði.....	43
Lýtaskurðlæknisfræði.....	43
Skurðlæknisfræði brjosta, innkirtla og meltingarfæra.....	43
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði	44
Þvafgæskurðlæknisfræði	45
Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði.....	46
Sýklafræði	48
Sýklafræði	48
Veirufræði	49
Taugasjúkdómafræði	49
Öldrunarlæknisfræði.....	50
Barnahjúkrun	51
Bráðahjúkrun	52
Endurhæfingarhjúkrun.....	53
Fjölskylduhjúkrun	53
Geðhjúkrun	54
Hjúkrun aðgerðasjúklinga	55
Hjúkrun langveikra	56
Hjúkrunarstjórnun	56
Krabbameinshjúkrun	57
Kynheilbrigði	58
Skurð- og svæfingahjúkrun.....	58
Gjörgæsluhjúkrun.....	59
Öldrunarhjúkrun	59
Ljósmodurfræði	60
Blóðbankinn	61
Lífisfræði og læknisfræðileg eðlisfræði.....	62
Félagsráðgjöf	62
Geislafræði	63
Iðjuþjálfun	63
Lyfjafræði	63
Næringarfræði	64
Talmeinafræði.....	65
Heilbrigðisverkfræði	65



Magnús Gottfreðsson,
yfirmáttur Landspítala og prófessor við
læknadeild Háskóla Íslands.

Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar hefur aldrei verið augljósara

Þegar sagan er skoðuð sést að kreppur eru oft aflvaki breytinga. Í heimsfaraldri COVID-19 var gríðarlegum fjármunum varið til rannsókna og nýsköpunar til að koma heimsbyggðinni til bjargar. Ein áhrifamesta kraftbirting þessarar stefnubreytingar eru bóluþefnin sem þróuð voru gegn sjúkdómnum, sem björguðu um 20 milljónum mannslífa á fyrstu 12 mánuðunum eftir að þau voru tekin í notkun. Ákvörðunin reyndist heilladrjúg því að þessi nýju bóluþefni gerðu heilbrigðisfyrirvöldum víða um heim kleift að taka skrefið fyrr til baka, til eðlilegra lífs, og standa þannig vörð um hagsmuni einstaklinga og samfélaga. Einnig voru þróuð öflug lyf með hraði til hagsbóta fyrir sjúklinga en veiran hefur reynt fljót að bregðast við með ónámum afbrigðum og baráttan mun því halda áfram. Í þeirri baráttu munu vísindalegar rannsóknir og þekking skipta meginmáli. Nú þegar er orðið ljóst að þróun mRNA tækninnar sem var nýtt við gerð bóluþefnanna muni auðvelda okkur að búa til öflug bóluþefni gegn öðrum smitsjúkdómum í framtíðinni. Einnig bendir margt til að þessi tækni muni jafnframt hafa þann óvanta en ánægjulega ávinning í för með sér að bæta meðferð margra annarra kostnaðarsamra sjúkdóma s.s. hjarta- og æðasjúkdóma og illkynja sjúkdóma. Þessi reynsla okkar undanfarin þrjú ár minnr því enn á að rannsóknir og nýsköpun margborga sig en jafnframt þarf langtímasýn stjórnvalda, fjármagn og þolinmæði að koma til.

Á meðan starfsmenn heilbrigðiskerfisins fengust við COVID-19 sátu sum önnur verkefni á hakanum, ekki aðeins margar valkæðar aðgerðir líkt og liðskiptaáðgerðir heldur virðist sem vísindaleg virkni hafi haldið áfram að gefa eftir, a.m.k. ef marka má tölur um fjölda birtinga starfsmanna spítalans í erlendum fræðitimaritum (mynd 1). Þetta er þó líklega ekki tengt COVID-19 heldur framhald á þróun sem því miður á sér

langri aðdraganda eins og sést á myndinni. Starfsmenn Landspítala halda þó áfram að laða að sér meistara- og doktorsnema en fjöldi þeirra helst í horfinu frá fyrra ári eða lækkar lítillega (mynd 2). Svipuð mynd sést þegar litið er til veittra leyfa af hálfu síðanefnda en fjöldi leyfa er vísending um fjölda áformaðra vísindarannsókna (mynd 3). Fjármagn innlendra styrkja er á uppleið í krónum talið en lækkun á erlendum vísindastyrkjum á sama tíma er sérstakt áhyggjuefni (mynd 4). Þegar nánar er rýnt í tölur um Vísindasjóð Landspítala sést að sókn eftir styrkjum virðist hafa dregist saman, þrátt fyrir auknið fjármagn sem e.t.v. ber vott um tíma- og aðstöðuleysi starfsfólks.

Af þessum tölulegu gögnum má draga þá ályktun að kyrrstaða sé ríkjandi hvað varðar rannsóknarstarf innan háskólaspítalans, þrátt fyrir að flestum sé orðin ljós nauðsyn þess að bæta þar úr. Til að geta veitt heilbrigðisþjónustu í fremstu röð er lykilatriði að unnt sé að flétta saman klínískt starf og rannsóknir. Það skapar nýja þekkingu en er jafnframt mikilvæg hagnýt aðgerð til að auka gæði þjónustunnar, bæta öryggi sjúklinga og draga úr brottfalli starfsfólks. Rannsóknir eru spítalanum lífsnauðsynlegt vítamín! Þörfin fyrir vel menntað heilbrigðisstarfsfólk fer vaxandi um heim allan og ef við viljum ekki dragast aftur úr þarf að bregðast við með því að styrkja kennslu og rannsóknir á þeim stöðum þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, eins og á háskólasjúkrahúsi okkar Íslendinga.


Sú þróun sem sést í gröfunum sem hér eru sýnd speglast jafnframt í lækkandi gengi heilbrigðisvísinda við Háskóla Íslands á alþjóðlegum matslistum á árinu 2022 og tengist sílækkandi framlögum hér á landi til menntunar nema í sumum þessara greina. Sú þróun vekur óneitanlega furðu því á sama tíma er mikið innlent fjármagn flutt úr landi til að byggja upp deildir og ráða öfluga kennara til erlendra háskóla sem sinna kennslu í grunnnámi í læknisfræði! Er skynsamlegt flytja grunnmenntun í heilbrigðisvísindum úr landi? Að mínu mati er þessi stefna hvorki skynsamleg né sjálfbær nálgun á viðfangsefnið.

Á síðasta ári hövту skýrsluhöfundar McKinsey til að sett yrði auknið fjármagn til vísindastarfs á spítalanum, eftir að sýnt var fram á að innan við 1% af rekstrarfé rennur til þessa mikilvæga hlutverks. Það hlutfall er aðeins brot af því sem sambærilegar stofnanir erlendis hafa úr að spila. Með nýlegum skipuritsbreytingum sem komu til framkvæmda á haustmánuðum 2022 var málaflokkurinn færður beint undir forstjóra og endurspeglar sú breyting aukna áherslu á rannsóknir og vísindi innan spítalans. Það mun vonandi leiða til bættrar fjármögnunar og að bjartari tímar fari senn í hönd.

Mynd 1

Ritrýndar greinar starfsmanna Landspítala árin 2017-2022


■ Ritrýndar greinar - erl. ■ Ritrýndar greinar - ísl.



Mynd 2

Fjöldi doktors- og meistaranema árin 2017-2022

■ Doktorsnemar ■ Meistaraneinar




Taflan sýnir fjölda doktors- og meistaranema árin 2017-2022 sem tengjast Landspítala í námi sínu á beinan eða óbeinan hátt, ýmist sem starfsmenn spítalans eða að þeir njóti leiðsagnar starfsmanna eða nýti gögn gögn hans. Nemarnir stunda nám við íslenska og erlenda háskóla.

Mynd 3

Fjöldi nýrra leyfa til rannsókna 2017-2022


■ Síðanefnd Landspítala ■ Vísindasíðanefnd ■ Síðanefnd stjórnsýslurannsókna



Mynd 4

Vísindastyrkir starfsmanna Landspítala árin 2017-2022

■ Erlendir ■ Íslenskir ■ Vísindasjóður Landspítala





Úthlutun rannsóknastyrkja 2022 úr Vísindasjóði Landspítala.

Úthlutun rannsóknastyrkja 2022

Úthlutun verkefnastyrkja úr Vísindasjóði Landspítala fór fram á ársfundi spítalans um vísindi, Vísindum á vordögum, sem haldinn var 4. maí 2022.

Árið 2022 barst Vísindasjóði 91 umsókn um styrki. Þak er á þeirri upphæð sem hægt er að sækja um en heildarfjárhæð styrkumsókna að þessu sinni nam tæpum 164 milljónum króna. Úthlutað var styrkjum til 78 verkefna, allt tæplega 93 milljónum króna.

Tilgangur vísindasjóðs spítalans er að styrkja og efla vísindarannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum meðal starfsmanna. Vísindaráð Landspítala ber ábyrgð á og hefur umsjón með faglegu mati á þeim umsóknum sem berast sjóðnum.

Lista með öllum veittum styrkjum má sjá á vef spítalans: [vísindasjodur_landspitala_styrkir_mai_2022.pdf \(landspitali.is\)](#)

Úthlutun styrkja úr Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 2022

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands úthlutaði á árinu verðlaunastyrkjum til 4 metnaðarfullra verkefna að heildarverðmæti rúmlega 7 milljónum króna. Sjóðurinn var stofnaður árið 1916 og er tilgangur sjóðsins að stuðla að bættri meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eða til valinna verkefna á vegum Landspítala.

Verðlaunahafar eru valdir af stjórn sjóðsins eftir ábendingu frá Vísindaráði Landspítala úr umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala.

Verðlaunastyrk hlutu:

Bylgja Hilmarsdóttir, náttúrufræðingur og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Novel culture method of patient derived pancreatic cancer organoids.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir, forstöðumaður og prófessor og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Aðlögun einstaklinga með krabbamein og fjölskyldna þeirra að krabbameinssjúkdómi: Langtímarannsókn.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Sérhæfing bólguhjónunarsvipgerðar og hlutverks NK frumna.

Oddur Ingimarsson, sérfræðilæknir og lektor og samstarfsfólk fyrir verkefnið: Geðrof og maníur hjá einstaklingum á ADHD lyfjum á Íslandi.

[Ítarefni um verðlaunahafa](#)

Vísindaráð Landspítala-helstu verkefni á árinu 2022

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Vísindaráð hefur einnig alla umsjón með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala og var það stærsta verkefni Vísindaráðs á árinu eins og endranær. Ráðið velur Heiðursvísindamann Landspítala og Ungan vísindamann Landspítala úr tilnefningum. Vísindaráð hafði að venju veg og vanda að skipulagi árlegrar uppskeruhátíðar vísinda á Landspítala, Vísindum á vordögum þ.m.t. dagskrárgerð hátíðarinnar, fundarstjórn og verðlauna- og styrkveitingar og yfirferð og mat á innsendum ágrípum veggspjalda fyrir hátíðina. Ágrip veggspjalda eru birt í fylgiriti Læknablaðsins. Starfsmaður Vísindaráðs sér um móttöku og afgreiðslu umsókna til Birtingarsjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Vefsíða Vísindaráðs leit dagsins ljós á árinu og drög voru gerð að handbók Vísindasjóðs og vefsíðu hans. Vísindaráð sendi og umsogn í samráðsgátt alþingis um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Vísindaráð Landspítala er skipað tíu aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

Aðalmenn Vísindaráðs Landspítala 2022

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, formaður.

Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og dósent við Háskóla Íslands.

Sigurður Guðjónsson, sérfræðilæknir og lektor við Háskóla Íslands.

Sigurbergur Kárason, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands. Kvenna- og barnaþjónusta.

Hætti á árinu

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Starfsmaður Vísindaráðs

Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur.

[Ársskýrsla Vísindaráðs 2022](#)

Heiðursvísindamaður Landspítala 2022

Helgi Jónsson var valinn heiðursvísindamaður Landspítala 2022 (Distinguished Scientific Contribution Award 2022) fyrir framúrskarandi framlag til vísinda á ferli sínum. Helgi var sérfræðingur í lyf- og gigtarlækningum við lyflækninga- og bráðþjónustu Landspítala.

Útnefningin var á Vísindum á vordögum í Hringstal 4. maí 2022. Heiðursvísindamaður Landspítala er útnefndur ár hvert og hefur vísindaráð Landspítala veg og vanda af því. Eins og hefð er fyrir hélt heiðursvísindamaðurinn fyrirlestur um rannsóknir sínar að lokinni útnefningu, afhendingu heiðurskjals og heiðursverðlauna að upphæð 350 þúsund króna.

Helgi Jónsson er fæddur 1952. Hann lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1978 og öðlaðist lækningaleyfi á Íslandi 1980. Helgi stundaði nám, lækningar og rannsóknir við Háskólasjúkrahúsið í Lundi árabilið 1981-1989 og lauk þaðan sérnámi í gigtarlækningum árið 1985. Hann lauk doktorsprófi í læknisfræði við Háskólann í Lundi árið 1989. Á árunum 1989 til 1995 var hann stundakennari við Háskóla Íslands og sérfræðingur við Landspítala frá 1990 og til ársins 2022. Hann varð dósent í lyflækisfræði, gigtarlækningum (50%), við HÍ 1995 til 2009 og prófessor í gigtarlækningum við HÍ frá árinu 2009.

Helgi hefur verið öflugur handleiðari unglækna og nema í læknisfræði og líffræði í rannsóknum. Hann hefur setið í doktorsnefndum og dómnefndum auk þess að gegna leiðbeinanda- og ráðgjafarhlutverki í allnokkrum doktors- og meistara- verkefnum.



Helgi Jónsson heiðursvísindamaður Landspítala 2022

Helsta áhugasvið Helga er slitigt og hefur hann rannsakað þann langvinna og bæklandi sjúkdóm í 30 ár. Helstu samstarfsaðilar hafa verið Íslensk erfðagreining og Hjartavernd en Helgi hefur verið í samstarfi við vísindamenn frá öllum heims- álfum. Nú hillir undir lyfjameðferð sem gæti breytt gangi sjúkdómsins verulega, svipað og gerst hefur í mörgum öðrum gigtarsjúkdómum.

Ungur vísindamaður ársins 2022

Arnar Bragi Ingason var útnefndur ungur vísindamaður Landspítala 2022 á Vísindum á vordögum, uppskeruhátíð vísindastarfs á spítalanum, í Hringstal 4. maí.

Arnar Bragi Ingason lauk stúdentsprófi frá náttúrufræðibraut Menntaskólans í Reykjavík 2013. Hann lauk BS gráðu í læknisfræði frá Háskóla Íslands 2016 og embættisprófi í læknisfræði frá sama skóla 2019. Arnar skráði sig í framhaldinu í doktorsnám í læknavísindum og fór doktorsvörn hans fram skömmu eftir eftir útnefninguna, 27. maí 2022. Leiðbeinandi hans í doktorsverkefninu var Einar Stefán Björnsson, prófessor og yfirlæknir. Samhliða námi lauk Arnar kandidatsári og einu ári í sérnámi í skurðlækningum við Landspítala. Doktorsverkefni hans sneri að samanburði á blæðinga- og blóðsegatiðni milli sjúklinga sem taka mis- munandi blóðþynnningarlyf.

Auk doktorsverkefnis síns hefur Arnar, undir handleiðslu Martins Inga Sigurðssonar prófessors, rannsakað tíðni og áhættuþætti tengda viðvarandi óþióíðanotkun eftir skurðaðgerðir.



Arnar Bragi Ingason, ungur vísindamaður Landspítala 2022

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Arnar Bragi birt á annan tug ritrýndra greina í erlend- um tímaritum og kynnt rannsóknir sínar á fjölda innlendra og erlendra vísinda- þinga. Hann hóf nám í almennum skurðlækningum við University of Vermont í Bandaríkjunum um mitt ár 2022.



Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra flutti ávarp þegar ungir vísindamenn fengu afhenda styrki sína þann 8. desember 2022.

Verðlaunaágrip á vordögum

Þrjú bestu veggspjöld vísindaverkefna á uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, Vísindum á vordögum, í Hringstal 4. maí 2022, voru verðlaunuð sérstaklega. Verðlaunahafarnir voru Sýlvía Ingibergsdóttir, Jenny Lorena Molina Estupian og Marianna Garðarsdóttir.

Verðlaunin fyrir bestu veggspjöldin eru styrkur í formi endurgreiðslu á kostnaði verðlaunahafanna vegna kynningar/ferða á verkefnum sínum, allt að 150.000 krónur. Verðlaunahafar tóku á móti viðurkenningarskjölum og kynntu veggspjöld sín á veggspjaldasýningunni.

Verðlaunaveggspjöldin voru valin úr 38 innsendum veggspjöldum vísindarann- sókna árið 2022. Vísindaráð Landspítala hafði veg og vanda af mati ágrípa sem bárust og vali á verðlaunahöfunum.



Rósa Björk Barkardóttir, formaður vísindaráðs Landspítala hlýðir á orð ráðherra

Veggspjöld verðlaunahafanna:

Jenny Lorena Molina Estupian: [mmCT and dmlT confer vaccine dose sparing effects on protective antibody response in neonatal mice](#)

Marianna Garðarsdóttir: [Kerfislæg æðakölkun veldur skerðingu á blóðflæði til heila](#)

Sýlvía Ingibergsdóttir: [Árangur hugrænnar atferlismeðferðar fyrir háskólanemendur sem greindir hafa verið með ADHD](#)

Öll veggspjöldin á Vísindum á vordögum 2022 er að finna á vef spítalans: [Veggspjaldakynning 2022 - Landspítali \(landspitali.is\)](#)



Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á Landspítala ásamt stjórnendum á spítalanum.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala styrkti níu unga vísindamenn á Landspítala til klínískra rannsókna og voru styrkir afhentir við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 8. desember 2022 í Hringstal.

Styrkir til vísindamanna ungu námu allt að tveimur milljónum króna hver. Vísindasjóður Landspítala hefur að undangengnu mati vísindaráðs veitt styrki til ungra vísindamanna á spítalans óslitið frá árinu 2011.

Markmið þessara styrkja er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirkni þeirra starfsmanna spítalans sem eru að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum. Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra setti athöfnina og flutti ávarp. Formaður vísindaráðs, Rósa Björk Barkardóttir, kynnti styrkjaflokkinn og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og formaður Vísindasjóðs Landspítala, afhenti styrkþegum viðurkenningarskjal.

Styrkhafar:

Berglind Árnadóttir sérnámslæknir lyflækninga- og endurhæfingarpjónustu.

Meðumsækjandi: Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflækninga- og bráðabjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Ætlægni og svipgerð sarklíkis á Íslandi. Íslenska sarklíkisrannsóknin -framhaldsverkefni.

Aðrir samstarfsaðilar: Sigríður Ólína Haraldsdóttir sérfræðilæknir og Ingileif Jónsdóttir, ónæmisfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Gisli Gíslason sérnámslæknir, kvenna- og barnaþjónustu.

Meðumsækjendur: Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir og Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Algengi nýrna- og innkirtlafylgikvilla litiummeðferðar.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og endurhæfingarpjónustu.

Meðumsækjandi: Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðilæknir og klínískur prófessor.

Rannsókn: Frumkomið aldósterónheilkenni á Íslandi í 10 ár – framhaldsrannsókn.

Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali – The National University Hospital of Iceland.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.

Hulda Hrund Björnsdóttir, læknir í sérnámsgrunni, lyflækninga- og bráðabjónustu.

Meðumsækjandi: Gerður Gröndal yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands og Björn Guðbjörnsson, sérfræðilæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Sykursteranotkun á Íslandi á 17 ára tímabili og staða beinverndar hjá langtímanotendum sykurstera.

Samstarfsaðili: Ólafur B. Einarsson lyfjafraeðingur, Embætti landlæknis.

Konstantín Shcherbak sérfræðilæknir, öldrunarþjónustu og aðjúntkt við Háskóla Íslands.

Meðumsækjandi: Helga Eyjólfsdóttir yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Þættir sem hafa forspárgildi um útskrift heim frá öldrunarendurhæfingardeild innan 30 daga.

Aðrir samstarfsaðilar: Alfons Ramel, prófessor við Háskóla Íslands, Ólöf Guðný Geirsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og Hrafnhildur Eymundsdóttir nýdoktor.

Kristín Júlía Erlingsdóttir sérnámslæknir, kvenna- og barnaþjónustu.

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Nýrnasteinasjúkdómur hjá íslenskum börnum og unglíngum.

Kristján Torfi Örnólfsson sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðabjónustu.

Meðumsækjandi: Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Lýðgrunduð rannsókn á tengslum primary biliary cholangitis og hvatberamótefna við aðra sjúkdóma og horfur - framhaldsrannsókn.

Signý Lea Gunnlaugsdóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðabjónustu.

Meðumsækjendur: Magnús Gottfréðsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Gerviliðsýkingar á Íslandi 2003-2020.

Aðrir samstarfsaðilar: Kristján Orri Helgason sérfræðilæknir, Elías Guðbrandsson sérfræðilæknir, og Helga Erlendsdóttir lífeindafræðingur.

Sólveig Bjarnadóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðabjónustu.

Meðumsækjendur: Karl Konráð Andersen, forstöðumaður og prófessor við Háskóla Íslands.

Rannsókn: Breytt birtingarmynd bráðs kransæðaheilkennis á Íslandi 1981-2017.

Aðrir samstarfsaðilar: Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við Háskóla Íslands, og Elías Freyr Guðmundsson faraldsfræðingur, Hjartavernd.

Birtingasjóður

Á árinu 2022 bárust Birtingasjóði 30 umsóknir, en sjóðnum er ætlað að styðja við og hvetja til birtinga frumkvæðisrannsókna við spítalann í góðum erlendum fræðitimaritum, þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur er starfsmaður spítalans. Greinarnar þarf að merkja spítalanum til að umsækjandi geti hlotið styrk. Veittir voru 22 styrkir, alls tæplega 3 milljónir króna.

Framgangur við Háskóla Íslands

Á árinu 2022 fengu tveir starfsmenn Landspítala framgang innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ:

Gunnar Tómasson, sérfræðilæknir og dósent við Læknadeild.

Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir og dósent við Læknadeild.

Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS)

Á Landspítala er starfrækt Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS). KRS var sett á laggirnar árið 2010 og er samstarf milli Landspítala og HÍ. Markmið þess er að styðja og efla klínískar rannsóknir, auka samstarf stofnananna á því sviði og styrkja innviði sem snúa að klínískum rannsóknum. KRS er hýst innan vísindadeildar Landspítala.

Helsta starfsemi setursins felst í ráðgjöf og aðstoð við rannsakendur ásamt því að vera tengiliður við utanaðkomandi aðila sem óska eftir rannsóknasamstarfi við Landspítala.

Helstu verkefni á árinu voru sem fyrr ráðgjöf til rannsakenda, samskipti við samstarfsaðila og aðkoma að samningum utan- og innanhúss. Að auki hefur KRS aðstoðað rannsakendur við skráningu rannsókna í opinn gagnagrunn, aðallega clinicaltrials.gov. Rannsakendur úr ýmsum heilbrigðisstéttum hafa fengið tölfraeðiráðgjöf á árinu, auk ráðgjafar um gagnamál.

KRS hefur sem fyrr haldið námskeið í Good Clinical Practice (GCP) fyrir nemendur og starfsfólk Háskólans og Landspítala.

Verkefnastjóri KRS situr í Vísindarannsóknanevnd Landspítala og í stjórn Nordisk Monitoring Network (NORM).

Verkefnastjóri er Halla Sigrún Arnardóttir. Formaður stjórnar er Magnús Gottfredsson.

[Hlekkur á heimasíðu klíniska rannsóknasetursins.](#)

[Hlekkur á ársskýrslu 2022](#)

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands er rekið sameiginlega af spítalanum og Heilbrigðisvísindasviði HÍ í samræmi við samning milli stofnananna. Stjórn safnsins er skipuð Magnúsi Gottfredssyni og Önnu Sigríði Guðnadóttur fulltrúum Landspítala og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur, fulltrúa HÍ.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Þá eru sjö stofnanir með sérstaka þjónustusamninga við safnið um aðgang að safnkosti. Safnið í Eirbergi er þó öllum opið og rafræn gögn aðgengileg á staðnum. Á safninu starfa 3 bókasafns- og upplýsingafræðingar og einn bókmenntafræðingur.

Verkefni

Innan safnsins er sinnt margvíslegum verkefnum. Þar má fyrst telja samninga við erlenda útgefendur og birgja um aðgang að rafrænum gögnum og upplýsingaveitum sem og innkaup þeirra. Safnið hefur með höndum umsjón aðgangsstýringar og framsetningar gagna svo notendur hafi aðgang á sem einfaldastan máta. Skráning safnkosti í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi sem auðvelda aðgang að safnkosti og niðurstöðum rannsókna. Þá sinna bókasafns- og upplýsingafræðingar safnsins kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi nýtingu safngagna og annarra upplýsingaveitna og gera heimildaleitir samkvæmt beiðni. Þjónusta safnsins felst einnig í útvegum millisafnalána og greinaþjónustu sem og almennri aðstoð varðandi flest það sem snertir safngögn, heimildaskráningu og upplýsingaöflun. Einnig tekur starfsfólk safnsins þátt í gerð vísindaskýrslu Landspítala.

Safnkostur

Meginhluti safnkosti bókasafnsins er rafræn tímarit sem spanna þau svið heilbrigðisvísinda sem stunduð eru, kennd og rannsókuð innan Landspítala og

Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Fjöldi erlendra tímarita í sérskrift bókasafnsins í árslok 2022 var vel á sjötta hundrad virkra titla þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshefti strax við útgáfu þess. Í tímaritapökkunum frá OVID, í LWW áskriftarpakkanum og PsycArticles pakkanum eru líka, auk virkra tímarita, fjöldi eldri titla sem ekki koma lengur út og er fjöldinn breytilegur frá ári til árs svo ekki er unnt að gefa upp eina endanlega tölu. Til viðbótar við ofangreindar sérskriftir er safnið með mikinn fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Þess má geta að árið 2022 voru sóttar um 184.500 tímaritsgreinar úr áskriftartímaritum safnsins. Auk tímarita semur safnið um aðgang að ýmsum sérhæfðum gagnasöfnum og rafrænum bókum

Árið 2022 voru gerðir samningar að upphæð um 128 milljónir króna.

Aðgangur að safnkostinum er á vef Heilbrigðisvísindabókasafnsins <https://bokasafn.landspitali.is/>

Innlent samstarf

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum innanlands og utan. Hér verða talin upp þau helstu.

IRIS (Pure).

Verkefnastjóri bókasafnsins situr í stýrihóp IRIS fyrir hönd spítalans. Aðgangur að IRISi fyrir gesti og gangandi var opnaður í júní 2022 að undangenginni mikilli vinnu við uppsetningu kerfisins. Allir háskólar landsins og helstu rannsóknarstofnanir munu verða þátttakendur í kerfinu þegar fram líða stundir. <https://iris.ra.is/is/organisations/landspitali-the-national-university-hospital-of-iceland>

Landsaðgangur að rafrænum gögnum.

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá upphafi.

Samstarf stjórnenda háskólabókasafna.

Safnið tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. nýtt bókasafnskerfi, stefnumótun um opinn aðgang, Íris upplýsingakerfi um rannsóknir, upplýsingalæsi o.s.frv.

Landskerfi bókasafna.

Nýja bókasafnskerfið opnaði sumarið 2022. Mikil undirbúningsvinna innan safns og þátttaka í vinnuhópum um skráningu, rafræn gögn, SFX og útlánabátt á vegum Landskerfis bókasafna hafði hvílt á starfsfólki safnsins við undirbúning innleiðingar.

Samstarf við Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

Reglulegt samstarf og samtal við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.

Erlent samstarf

Frá árinu 2011 var safnið þátttakandi í Evrópuverkefninu OpenAIRE, sem gekk út á að vinna að framgangi opinna vísinda (Open Science) þar á meðal framgangi opins aðgangs (Open Access) að vísindagreinum og vísindagögnum og varanlegri varðveislu þeirra í samræmi við stefnu Evrópusambandsins. Á árinu 2021 fluttist ábyrgð verkefnisins yfir til Landsbókasafns samhliða stofnanavæðingu verkefnisins. Heilbrigðisvísindabókasafnið tekur enn þátt í OpenAIRE sem s.k. associate member.

Anna Sigríður Guðnadóttir hefur verið fulltrúi í EAHIL Council sem er ráðgefandi ráð fyrir stjórn EAHIL, Evrópusamtaka heilbrigðisvísindabókasafna.

Starfsfólk: Anna Sigríður Guðnadóttir, Halldór Marteinsson, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson

Ársskýrslur Heilbrigðisvísindabókasafns eru aðgengilegar hér: <https://bokasafn.landspitali.is/um-bokasafnid/arsskyrslur/>

Heilbrigðistækni-setur

Heilbrigðistækni-setur (HTC) er rannsóknarmiðstöð Vísindadeildar Landspítala og er staðsett í Háskólanum í Reykjavík. HTC samræmir stór þverfagleg rannsóknarverkefni hjá Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landspítala - Háskólasjúkrahúss og heilbrigðistækni-fyrirtækja.



Þórður Helgason og Paolo Gargiulo, heilbrigðisverkfræðingar, forsvarsmenn setursins

HTC er vettvangur vísindamanna, heilbrigðisstarfsmanna og verkfræðinga frá öllu Íslandi, leiðir innlend og alþjóðleg verkefni í tauga-, heilbrigðis- og endurhæfingarverkfræði. HTC er í augnablikinu þátttakandi í 2 Evrópuverkefnum. Annað ber titilinn RESTORE, notendamiðað, snjall, nanolífefna grundað 3D fylki til viðgerðar liðþófa í hné. Íslenska teymið er í forsvari fyrir fyrsta Evrópska gagnagrunninum um sjúklingasérnsniðin íffærafraðileg líkön fyrir liðþófaskaða. Hitt EU styrkta verkefnið er kallað SINPAIN og hefur að markmiði að þróa næstu kynslóðar háþróaða meðferð slitgigtar í hné. Ætlunin er að þróa sérnsniðinn þófa fyrir hvern sjúkling.

HTC er meðal stærstu rannsóknarhópa á Íslandi miðað við fjölda nýdoktora (3), doktorsnema (7) og meistaranema (yfir 20). Rannsóknarinnviðir setursins, þökk sé samkeppnis innviða sjóðum, eru meðal annars háþéttir heilarit (256 rafskauta), stöðustjórnunar plata og sýndarveruleika kerfi og hin nýopnaða þrívíddar prentunar miðstöð.

Vísindavinna 2022 leiddi til 20 rýndra greina í Q1 – Q2 tímáritum með hjálp rúmlega 40 sérfræðinga úr öllum heiminum. Þórður ritstýrði alhliða handbók um skipulag skurðaðgerða og þrívíddar prentun birta af Elsevier. Þessi bók verður, vonandi, nýtt viðmið til að sækja í fyrir verkfræðinga, lækna og stjórnendur er þurfa upplýsingar um þetta efni.

HTC stjórnar stóru verkefni (það fékk öndvegisstyrk í janúar 2023) hvers markmið er nýtt viðmið fyrir mat á stöðustjórnun með því að nota nýstárlega mæliuppsetningu þar sem heila, hjarta og vöðva rafvirkni er mæld samtímis upplifun sýndarveruleika á hreyfanlegri plötu. Með þessari hugmyndafræði rannsókum við stöðustjórnun og tengdar kennistærðir sem geta greint milli heilbrigðs- og sjúklegs viðbragðs. Þetta verkefni skapar stærsta gagnagrunn í heimi um mat á stöðustjórnun og inniheldur mælingar frá mismunandi hópum einstaklinga, þ.e. heilbrigða, viðkvæma fyrir sjóveiki, sjómenn, greinda með kvíðaröskun, með frumstig parkinsons veiki og með íþróttameiðsl. Verkefnið mun kortleggja samspil og mismun í heila-, vöðva- og stöðuriti hvers einstaklings og leyfir samburð viðbragða mismunandi hópa einstaklinga.



Undirbúningur tóku heilarits af þverlömuðum einstakling

HTC er í vísindasamvinnu og þjónar klínískri starfsemi Landspítala á eftirfarandi sviðum: bæklunar-, hjarta-, kjálka-, heila-, krabbameinsskurðaðgerðum og við endurhæfingu þverlamaðra og með heilablóðfall.

Rannsóknastofur á Landspítala

Formlegar rannsóknastofur/rannsóknsetur eru starfræktar í nokkrum fræðigreinum. Stofurnar eru misjafnar að eðli og hlutverk og starfsemin breytileg eftir því.

Rannsóknastofnun í hjarta- og æðasjúkdómum við Landspítala og Háskóla Íslands (RHÆ)

Forstöðumaður er Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir

RHÆ var sett á laggirnar 2010 og hefur viðtækt rannsóknastarf farið þar fram.

Á síðasta ári voru í gangi 4 lyfjarannsóknir, bæði í samstarfi við lyfjafyrirtæki og önnur háskólasjúkrahús. Einnig tekur RHÆ þátt í samstarfsverknum um norræna gæðagagnagrunna á sviði hjartasjúkdóma.

Rannsóknastofa í fæðinga-, kvenna, og barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands (RKB)

Forstöðumaður er Þóra Steingrimsdóttir

Rannsóknastofan var sett á laggirnar árið 2021 og var árið 2022 því annað starfsár rannsóknastofunnar. Yfir rannsóknastofunni er 7 manna þverfagleg stjórn.

Eitt helsta hlutverk stofunnar er að vera miðstöð vísindarannsókna í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum á Landspítala og Háskóla Íslands, m.a. með því að auka sýnileika þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer. Heimasíða stofunnar er í smíðum.

Stjórn RKB fundaði fjórum sinnum á árinu, þar af tvisvar með stjórn rannsóknarsjóðsins og þar af einu sinni með forsvarsmönnum vísindadeildar og klínískis rannsóknarseturs, þar sem möguleg samvinna og aðstoð þeirra við stofuna var rædd og ráðgerð.

Auk þess áttu meðlimir stjórnar og stofu nokkra vinnufundi þar sem aðallega var unnið að fyrirhugaðri heimasíðu.

Rannsóknarsjóður RKB- var stofnaður í kjölfar stofnunar stofunnar. Stofnfé hans var 50 milljón króna gjöf frá Minningagjafasjóði Landspítala Íslands. Einnig barst sjóðnum peningagjöf frá Velferðarsjóði barna. Stjórn sjóðsins hefur, í samráði við stjórn stofunnar og framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs, á árinu 2022 mótað skipulagsskrá sjóðsins og úthlutunarreglur og undirbúið auglýsingu og styrkveitingu úr sjóðnum á árinu 2023. Í lok árs náðist samkomulag um að styrkjaumsjónin gæti farið fram innan ResearchWeb sem vísindadeild og Vísindaráð Landspítala hefur aðgang að nú þegar. Sér stjórn er yfir rannsóknarsjóðnum.

[Heimasíða Rannsóknarstofu Landspítala og Háskóla Íslands í fæðinga-, kvenna- og barna- og fjölskyldufræðum.](#)

[Ársskýrsla rannsóknastofunnar fyrir árið 2022.](#)

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN)

Forstöðumaður árið 2022 var Ingibjörg Gunnarsdóttir

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) var stofnuð 1997. RÍN tilheyrir Háskóla Íslands og Landspítala. RÍN vinnur að rannsóknum á næringarástandi og klínískum næringarvandamálum og tekur þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með innlendum og erlendum aðilum, bæði háskólum, stofnunum og fyrirtækjum. Öflug rannsóknastarfsemi hefur verið í RÍN á árinu og má nálgast frekari upplýsingar [hér](#).

Vísinda- og nýsköpunarsetur aðgerðasviðs

Forstöðumaður Martin Ingi Sigurðsson

Setrið var sett á laggirnar í maí árið 2021 með það að markmiði að setrið væri miðstöð vísinda, rannsókna og nýsköpunar á aðgerðasviði. Hlutverk þess er að styðja við rannsóknir á sviðinu, efla nýsköpun, styðja við kennslu nema í rannsóknartengu námi og efla rannsóknar og nýsköpunarsamstarf við aðra hópa sem stunda rannsóknir innan sem utan Landspítala. Nánari upplýsingar um setrið má finna á [innri vef spítalans](#).

Rannsóknastofa Landspítala og Háskóla Íslands í bráðafræðum

Forstöðumaður árið 2022 var Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir.

Ýmsar rannsóknir voru á vegum rannsóknastofunnar á árinu, m.a. í bráðahjúkrun og á sviði höfuðáverka.

Rannsóknastofa í gigtsjúkdómum

Forstöðumaður er Gerður Gröndal.

Fjölbreytt rannsóknastarfsemi fer fram undir merkjum rannsóknastofunnar, m.a. rannsóknir er tengjast ICEBIO grunninum. Frekari upplýsingar um rannsóknarstarf í gigtsjúkdómum má sjá hér að neðan í yfirliti yfir vísindarannsóknir í gigtarlæknisfræði

Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ)

Formaður stjórnar er Kristín Björnsdóttir, starfsmaður er Hrafnhildur Eymundsdóttir.

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) starfar samkvæmt stofnskrá og er skipuð stjórn til 5 ára í senn. Megin hlutverk RHLÖ er að vera miðstöð í öldrunarfræðum og skapa aðstöðu til rannsókna, styðja við rannsóknir og fræðslu auk þess að stuðla að samvinnu og samstarfi fræðimanna og Landspítala sem tengjast öldrun.

Utanaðkomandi styrkur fékkst frá nýsköpunarsjóði námsmanna sem nýttur var til sumarvinnu meistaranema og í framhaldi, sjálfstætt lokaverkefni til meistaraþróf við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Á árinu voru fjölmörg fræðsluerindi flutt á vegum RHLÖ, fjölbreytt og áhugaverð.

Árlegur vísindadagur RHLÖ var tileinkaður Degi byltuvarna. Undirtitill vísindadags að þessu sinni var: „með vísindi og forvarnir að leiðarljósi“.

Dagskrá bæði fræðslufunda og vísindadags má finna á heimasíðu RHLÖ. Heimasíða RHLÖ er í stöðugri endurnýjun. Slóðin er <http://www.landspitali/rhlo.is>. RHLÖ er með Fésbókarsíðu þar sem viðburðir innan öldrunar eru auglýstir, lifandi streymi frá vísindadögum/málþingum og fyrirlestrum rannsóknarstofunnar, ásamt öðru markverðu, bæði innan lands og utan. Slóðin er <https://www.facebook.com/Oldrunarfraedi/>. Doktorsverkefni við RHLÖ eru níu talsins en nánari lýsingu á þeim má finna á heimasíðu rannsóknarstofunnar.

Á árinu var við hátíðlega athöfn úthlutað tveimur styrkjum frá St. Jósefsspítalaskjóði til doktorsnemanna Sírýjar Sifjar Sigurlaugardóttur og Freyju Jónsdóttur sem vinna að rannsóknum innan öldrunar.



Frá vinstri: Inga Valgerður Kristinsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Sírý Sif Sigurlaugardóttir, Pálmi V. Jónsson og Hrafnhildur Eymundsdóttir



Frá vinstri: Martin Ingi Sigurðsson, Anna Bryndís Blöndal, Kristín Björnsdóttir, Hrafnhildur Eymundsdóttir, Freyja Jónsdóttir og Pálmi V. Jónsson

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2022

Augnlæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Gunnar Már Zoëga Yfirlæknir.

Aherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins

Augnsjúkdómar í sykursýki, þróun augnlyfja, súrefnisbúskapur sjóntaugar og sjónhimnu í mönnum og dýrum.

Lífedlisfræði sléttra vöðva í sjónhimnuæðum. Faraldsfræði og erfðafraði augnsjúkdóma. Reykjavíkurannsóknin. Brottnám augna og gerviaugu. Mýs með stökkbreytingum í microphthalmia geni.

Aldursbundin hrörnun í augnbotnum á Íslandi. Sjónsviðsskerðing í gláku við fyrstu hjáveituaðgerð. Hjáveituaðgerðir í gláku. Lyfjanotkun í gláku. Sykursýki (samstarf með Árósum), vægri vitrænni skerðingu (MCI), MS, AMD og samanburður á súrefnismetabolisma í makúlu við önnur svæði sjónhimnunnar.

Sýkingar í hornhimnum. Fyrirburar og retinopathy of prematurity.

Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

Vísindasjóður Landspítala

Andoxunarsvörun og sjálfát í litþekju músa með stökkbreytingar í Mitf geni.. Þór Eysteinnsson.

Þáttur ensinsins kolanhydrasa í stjórn samdráttarkrafts æðaveggs og þvermáls slagæða sjónhimnu. Þór Eysteinnsson

Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands

Súrefnis- og raflíffræðilegar mælingar í sjónhimnu – ýmsir sjúkdómar. Ólöf Birna Ólafsdóttir.

Verkan nýrra kolanhydrasa hamlara á togkraft slagæðaveggs. Þór Eysteinnsson.

Rannsóknarsjóður Rannís

Lífvisar í augum sjúklinga með Alzheimer sjúkdóm. Ólöf Birna Ólafsdóttir, Sveinn Hákon Harðarson.

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur

Svipgerð augans í erfðabreyttum músum með stökkbreytingar í Mitf geni, og aldursháðar breytingar í þeim. Þór Eysteinnsson.

Þekkingu á öldruðum glákusjúklingum með því sjónarmiði að koma í veg fyrir sjónsviðsskerðingu eða blindu. Davíð Þór Jónsson, stjórn verkefnis: María Soffía Gottfredsdóttir.

Doktorsnemar

Anna Bryndís Einarsdóttir. Augað sem gluggi að heilanum: Súrefnismettun í sjónhimnu í miðtaugakerfissjúkdómum. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi: Sveinn Hákon Harðarson. Aðrir í doktorsnefnd: Jón Snædal, Haukur Hjaltason, Jakob Grauslund, Ólöf Birna Ólafsdóttir. Vörn fór fram í desember 2022.

Gunnar Már Zoëga. Cornea guttata, epidemiology and risk factors, and specular microscopy. Háskólinn í Uppsala. Umsjónarkennari: Per Söderberg. Leiðbeinandi: Friðbert Jónasson.

Laura Lorenzo. Ocular drug delivery and pathways through the eye wall. Læknadeild, Háskóla Íslands. Umsjónarkennari: Einar Stefánsson. Leiðbeinandi: Ólöf Birna Ólafsdóttir. Meðleiðbeinandi: Þorsteinn Loftsson. Aðrir í doktorsnefnd: Gerhard Garhöfer, Gauti Jóhannesson. Vörn fór fram í nóvember 2022.

Róbert Karlsson. Þróun sjálfvirkra aðferða í súrefnismælingum í augnbotnum (Development of automated methods in retinal oximetry measurements). Heilbrigðisvísindasvið og Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi: Sveinn Hákon Harðarson. Aðrir í doktorsnefnd: Einar Stefánsson, Jón Atli Benediktsson, Tok Bek.

Meistararnemi

Védís Helgadóttir. Súrefnismettun. Retinal biomarkers in mild, cognitive impairment and Alzheimer's disease. Umsjónarkennari: Ólöf Birna Ólafsdóttir. Meistaranefnd: Sveinn Hákon Harðarson, Þórunn Scheving Elíasdóttir.

Læknar í framhaldsnámi

Yrsa Yngvadóttir, Davíð Þór Jónsson, Jón Ágúst Stefánsson, Sigurrós Jónsdóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Valur Guðnason, Þorsteinn Viðarsson

Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

Samstarfsaðilar innan Landspítala

Öldrunarlæknisfræði

Sýkla- og veirufræðideild

Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala

Háskóli Íslands, Íslensk erfðagreining, Hjartavernd

Erlendir samstarfsaðilar

Svþjóð: Uppsala Universitet, Umeå Universitet

Danmörk: Syddansk Universitet í Óðinsvéum, Aarhus Universitet í Árósum

Holland: Leiden University í Haag

Finnland: Háskólinn í Austur Finnlandi í Kuopio

Viðurkenningar sem starfsfólk fræðasviðsins fékk á árinu

Birna Guðmundsdóttir var kosin Candidate member í ESOPRS í september 2022.

Dýrleif Pétursdóttir varð forseti NPOG, Nordic Pediatric Ophthalmology Group.

Dýrleif Pétursdóttir fékk viðurkenningu frá Oftalmolog í júní 2022 fyrir doktorsritgerð sína „Preterm birth and long-term vision.“ Ritgerðin var valin þriðja besta doktorsritgerðin á norðurlöndum árið 2021 – „Outstanding PhD Awards. Dissertations from the Nordic Region“, www.oftalmolog.com.

Gunnar Már Zoëga var forseti NOK2022 (Nordic Congress of Ophthalmology), norræns þings augnlækna sem var haldið í Reykjavík 9-11 júní 2022.

Haraldur Sigurðsson augnskurðlæknir var forseti European Society of Oculoplastic and Reconstructive Surgery, ESOPRS.

Haraldur Sigurðsson er stjórnarmaður í SOE, European Society of Ophthalmology.

Helgi Davíð Björnsson er forseti NSA, Nordic Strabismological Association.

Jóhann Ragnar Guðmundsson er formaður Augnlæknafélags Íslands.

María Soffía Gottfredsdóttir var kjörin full member í American Glaucoma Society (AGS).

María Soffía Gottfredsdóttir var kjörin member of European University Professors of Ophthalmology (EUPO).

Rannveig Linda Þórisdóttir var kjörin Full member í ESOPRS í september 2022.

Störf í ritstjórn ritryndra fagrita á árinu

Einar Stefánsson er aðalritstjóri Acta Ophthalmologica, og er í ritstjórnnum Ophthalmology Times, Ophtha Therapy Science Journal og Saudi Journal of Ophthalmology.

Helgi Davíð Björnsson er í ritstjórn Oftalmolog.

María Soffía Gottfredsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Sigríður Þórisdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Þór Eysteinnsson er aðstoðarritstjóri á tímaritinu Brain Communications (Oxford University Press).

Pór Eysteinnsson er gestaritstjóri *Frontiers in Cellular Neurophysiology*. Research Topic: Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. (Eysteinnsson, T., Fadool, D. A., Thoreson, W. B., eds. (2022). Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. Lausanne: Frontiers Media SA. doi: 10.3389/978-2-88974-634-7).

Ritverk- vísindagreinar í ritryndum innlendum tímaritum

Jonsson, D. T., Ólafsdóttir, Ó. B., & Gottfredsdóttir, M. S. (2022). Sjónsviðsskerðing við fyrstu MIGS-glákuaðgerð. *Læknablaðið*, 108(12), 547-551.

Zoéga, G. M. (2022). Augnslysi af völdum flugelda. *Læknablaðið*, 108(12), 537.

Ritverk – vísindagreinar í ritryndum erlendum tímaritum

Emilsson V, Gudmundsson EF, Jonmundsson T, Jonsson BG, Twarog M, Gudmundsdóttir V, Li Z, Finkel N, Poor S, Liu X, Esterberg R, Zhang Y, Jose S, Huang CL, Liao SM, Loureiro J, Zhang Q, Grosskreutz CL, Nguyen AA, Huang Q, Leehy B, Walshe TE. A proteogenomic signature of age-related macular degeneration in blood. *Nat Commun*. 2022 Jun 13;13(1):3401.

Pétursdóttir D, Holmström G, Larsson E. Strabismus, stereoacuity, accommodation and convergence in young adults born premature and screened for retinopathy of prematurity. *Acta Ophthalmol*. 2022 May;100(3):e791-e797.

Lorenzo-Soler L, Praphanwittaya P, Olafsdóttir OB, Kristinsdóttir IM, Asgrimsdóttir GM, Loftsson T, Stefánsson E. Topical noninvasive retinal drug delivery of a tyrosine kinase inhibitor: 3% cediranib maleate cyclodextrin nanoparticle eye drops in the rabbit eye. *Acta Ophthalmol*. 2022 Nov;100(7):788-796.

Hnin, H. M., Stefánsson, E., Loftsson, T., Rungrotmongkol, T., & Jansook, P. (2022). Angiotensin converting enzyme inhibitors/cyclodextrin inclusion complexes: solution and solid-state characterizations and their thermal stability. *Journal of Inclusion Phenomena and Macrocyclic Chemistry*, 102(3-4), 347-358

Hnin HM, Stefánsson E, Loftsson T, Asasutjarit R, Charnvanich D, Jansook P. Physicochemical and Stability Evaluation of Topical Niosomal Encapsulating Fosinopril/ γ -Cyclodextrin Complex for Ocular Delivery. *Pharmaceutics*. 2022 May 27;14(6):1147.

Jansook, P., Hnin, H. M., Praphanwittaya, P., Loftsson, P., & Stefánsson, E. (2022). Effect of salt formation on γ -cyclodextrin solubilization of irbesartan and candesartan and the chemical stability of their ternary complexes. *Journal of Drug Delivery Science and Technology*, 67, [102980].

Kaamiranta K, Stefánsson E. *Acta Ophthalmologica* 2021. *Acta Ophthalmol*. 2022 Aug;100(5):483-485.

Niklas Telinius, MD, PhD, DMSc, Mika Harju, MD, PhD, Olav Kristianslund, MD, PhD, MPH, Maria Soffia Gottfredsdóttir, MD, Mario Economou, MD, PhD. *Advances in glaucoma surgery: how far have we come?* *OFTALMOLOG*, December 2022 42(3): 31-36.

Danielsson SB, García-Llorca A, Reynisson H, Eysteinnsson T. Mouse microphthalmia-associated transcription factor (Mltf) mutations affect the structure of the retinal vasculature. *Acta Ophthalmol*. 2022 Dec;100(8):911-918.

Loftsson T, Stefánsson E. Aqueous eye drops containing drug/cyclodextrin nanoparticles deliver therapeutic drug concentrations to both anterior and posterior segment. *Acta Ophthalmol*. 2022 Feb;100(1):7-25.

Eysteinnsson T, García-Llorca A, Angeli A, Supuran CT, Carta F. Vasodilation of Pre-contracted Porcine Retinal Arteries by Carbonic Anhydrase Inhibitors with Enhanced Lipophilicity. *Curr Eye Res*. 2022 Dec;47(12):1615-1621.

Soe HSM, Sripetch S, Loftsson T, Stefánsson E, Jansook P. Effect of Soluplus[®] on γ -cyclodextrin solubilization of irbesartan and candesartan and their nanoaggregates formation. *Pharm Dev Technol*. 2022 Jan;27(1):9-18.

Hnin HM, Stefánsson E, Loftsson T, Asasutjarit R, Charnvanich D, Jansook P. Physicochemical and Stability Evaluation of Topical Niosomal Encapsulating Fosinopril/ γ -Cyclodextrin Complex for Ocular Delivery. *Pharmaceutics*. 2022 May 27;14(6):1147.

Abu El-Asrar AM, AlBloushi AF, Gikandi PW, Alzubaidi A, Stefánsson E. Changes in ocular blood flow and retinal oxygen metabolism during immunosuppressive therapy for initial-onset acute uveitis associated with Vogt-Koyanagi-Harada disease. *Acta Ophthalmol*. 2022 Sep;100(6):707-712.

Zoega, G.M. and Ragnarsson, J.R.: Highlights from the Nordic Congress of Ophthalmology 2022. *Oftalmolog*, December 2022.42(3).

Zoega, G.M. and Ragnarsson, J.R.: The Nordic Congress of Ophthalmology 2022. *Oftalmolog*, June 2022.42(2).

Veggspjöld/fyrirlestrar/webinar á alþjóðlegum/norrænum ráðstefnum á árinu: 11

Barnalæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Ásgeir Haraldsson prófessor

Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins

Faraldsfræði sjúkdóma, tilurð þeirra og meðferð. Meðal helstu verkefna eru rannsóknir á árangri

pneumókokkabbólusetninga á Íslandi, meimyndun nýrnaskaða og meðferð sjúklinga með adenín-fosfóribósýltransferasaskort, árangur meðferðar krabbameina og þáttum sem hafa áhrif á horfur nýbura og fyrirbura. Auk þess eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á fæðuþoli og ofnæmi, nýrnasteinasjúkdómi, blóðþrýstingi, offitu barna, sykursýki barna og iðrasýkingum svo eitthvað sé talið.

Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

Rannsóknarmiðstöð Íslands (RANNÍS), Öndvegissstyrkur (2021-2024)

